

LEIÐBEININGAR UM INNRA MAT LEIKSKÓLA



UNNIÐ FYRIR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ 2016
SIGRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR

Þakkir vegna umsagna og/eða ábendinga:

Anna Bjarnadóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir, Auður Ævarsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Grunnur félag fræðslustjóra og stjórnenda á fræðsluskrifstofum, Kennarasamband Íslands, Menntamálastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
September 2016

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© 2016 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9935-436-62-7

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Innra mat	6
1.1 Af hverju innra mat í leikskóla?	6
1.2 Hvað er innra mat í leikskóla?	6
1.2.1 Viðmið um innra mat skóla	7
1.3 Hvernig er innra mat í leikskóla framkvæmt?	8
2 Skipulagning matsins	9
2.1 Matsteymi og þátttaka í innra mati	9
2.2 Viðfangsefni innra mats	10
2.3 Val á viðmiðum	11
2.3.1 Viðmið í orðum – gæðalýsingar	11
2.3.2 Töluleg viðmið	12
3 Gagnaöflun	13
3.1 Greining fyrirliggjandi gagna	14
3.2 Vettvangsathuganir	14
3.2.1 Að meta eigið starf	15
3.2.2 Jafningjamat	15
3.2.3 Stjórnendur fylgjast með starfi á deildum	15
3.3 Að fá fram skoðanir/álit hagsmunaaðila	15
3.3.1 Spurningakannanir	16
3.3.2 Rýnihópar	17
3.3.3 Ýmis afbrigði rýnihópa/fundir	18
3.3.4 Einstaklingsviðtöl	19
4 Greining og mat; styrkleikar og tækifæri til umbóta	20
5 Framsetning niðurstaðna	21
6 Umbótaáætlun	22
7 Þróun innra mats	23
8 Lokaorð	24
9 Heimildir og önnur rit sem stuðst var við	25
10 Viðaukar	27
Viðauki 1 – Dæmi um lýsingu á matskerfi í skólanámskrá með langtímaáætlun í innra mati	27
Viðauki 2 – Dæmi um matsáætlun fyrir hvert skólaár	30
Viðauki 3 – Dæmi um gátlista	31
Viðauki 4 – Dæmi um spurningalista	35
Viðauki 5 – Dæmi viðtalsramma	36
Viðauki 6 – Dæmi um mat á virkri þátttöku barna í ákvarðanatökum	37
Viðauki 7 – Dæmi um umbótaáætlun	40

Inngangur

Með innra mati er leikskólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni barna að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Mat er óaðskiljanlegur hluti af skólastarfi. Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn leikskóla taka ótal ákvarðanir á hverjum degi sem byggja á mati, í starfi sem er síbreytilegt og krefjandi. Mat af þessu tagi er oft óformlegt og ferlið og niðurstöður ekki skráðar. John MacBeath (2012) lýsir þessu vel þegar hann segir að þetta sé einmitt það sem kennarar geri, þeir stundi sjálfsmat og spyrji sig spurninga eins og *hvað þarf ég að gera öðruvísi? – og hvert er næsta skref?* Kennarar eigi oft í erfiðleikum með að útskýra það sem þeir geri og af hverju, en viti samt að þeir geti bætt sig og hafi faglega þörf til þess að gera sífellt betur. Samræða kennara um það sem þeir geri efli vitund þeirra um starfið og leggi þannig grunn að kerfisbundnu innra mati og umbótum. Með innra mati er þetta sjálfsmat gert meðvitað og formlegt, meðal annars með markvissum samræðum, skráningu og greiningu. Innra mat, sem grundvallast á samræðu og samvinnu fagmanna er valdeflandi fyrir þá sem taka þátt og því er rík áhersla lögð á það hér í þessum leiðbeiningum.

Vegur mats á skólastarfi hefur aukist á undanförunum árum (OECD, 2013). Margir þættir liggja þar að baki og má þar nefna aukna áherslu á gæði, skilvirkni og jafnrétti í menntun til að mæta félags- og efnahagslegum áskorunum og þróun í átt að auknu sjálfstæði skóla sem jafnframt felur í sér kröfur um ábyrgð og upplýsingaskyldu. Einnig hafa framfarir í tækni auðveldað alla meðferð gagna og í dag er mikil áhersla lögð á að ákvarðanir um skólastarf séu teknar á grundvelli þeirra. Rannsóknir á skólastarfi hafa leitt í ljós að skólar hafa áhrif á nám og líf barna og því hafa sjónir fræðimanna beinst að því hvernig unnt er að bæta starfið (Chapman og Sammons, 2013). Mat á skólastarfi sprettur úr þessum jarðvegi og nú er litið á innra mat skóla sem lykilatriði í því að bæta skólastarf.

Markmiðið með þessum bæklingi er að styðja við innra mat leikskóla í þeim tilgangi að auka gæði starfsins og þar með nám og velferð barna. Markmiðið er einnig að styrkja og efla þátttöku leikskólakennara og annarra starfsmanna í matinu. Bæklingurinn er fyrst og fremst skrifaður fyrir leikskólakennara, aðra starfsmenn og stjórnendur í leikskólum en getur einnig gagnast öllum þeim sem koma að skipulagi og framkvæmd matsins, t.d. fulltrúum foreldra í matsteymum. Bæklingurinn er skrifaður með það í huga að hann nýtist við framkvæmd innra mats á öllum stigum þess, frá skipulagningu til framkvæmdar og eftirfylgni umbóta. Hann getur bæði gagnast þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í innra mati og þeim sem lengra eru komnir.

Við gerð bæklingins var byggt á lögum um leikskóla,¹ reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum,² aðalnámskrá leikskóla³ og bæklingnum *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat um gæði leikskólastarfs*.⁴ Tekið var mið af viðamikilli rannsókn OECD (2013) á mati á skólastarfi, *Synergy for Better Learning*, þar sem meðal annars er lögð áhersla á að ytra og innra mat skóla vinni saman, til dæmis með því að metið sé út frá sömu eða svipuðum viðmiðum. Litið var til þess hvað aðrar þjóðir hafa gefið út um innra mat skóla og mest var stuðst við efni frá Írlandi,⁵ Skotlandi⁶ og Nýja-Sjálandi.⁷ Nýjustu straumar og stefnur í innra mati leggja áherslu á að ákvarðanir um skólastarf séu teknar á grundvelli gagna og að matið byggist á breiðri þátttöku og lýðræði, samræðu og samvinnu til eflingar skólastarfi. Þetta er sá vegvísir sem gengið er út frá í þessum bæklingi.

Bæklingurinn skiptist í níu kafla með inngangi og lokaorðum. Í kafla 1 er fjallað um helstu rök fyrir innra mati leikskóla, innra mat er skilgreint og matsferlinu lýst. Í köflum 2 til 6 er farið nánar í hvert skref í matsferlinu; skipulagningu mats er lýst í kafla 2, gagnaöflun í kafla 3, greiningu og mati í kafla 4, framsetningu niðurstaðna í kafla 5 og gerð umbótaáætlunar í kafla 6. Í kafla 7 eru sett fram viðmið um þróun innra mats. Að lokum fylgja sjö viðaukar með dæmum og eyðublöðum sem gagnast geta í innra mati leikskóla.

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008

² Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 893/2009

³ Mennta- og menningarmálaráðuneyti, (2011)

⁴ Björk Ólafsdóttir o.fl., (2014)

⁵ Inspectorate Department of Education and Skills, (2012)

⁶ Education Scotland, (2015)

⁷ Education Review Office, (2014)

1 Innra mat

Í þessum kafla er fjallað um mikilvægi innra mats í leikskóla, innra mat er skilgreint og matsferlinu lýst.

1.1 Af hverju innra mat í leikskóla?

Vel þróað innra mat leiðir af sér:

- **Betra leikskólastarf.**
Innra mat snýst fyrst og fremst um að bæta nám og velferð leikskólabarna með markvissri skólaþróun og starfsþróun leikskólakennara og annarra starfsmanna.
- **Eflingu fagmennsku og stykingu lærdómssamfélags.**
Áhersla innra mats á samvinnu, markvissar samræður og ígrundun fagmanna um starfið út frá þeim gögnum sem aflað er, efla fagmennsku og styrkja lærdómssamfélag leikskólans.⁸
- **Betri upplýsingagjöf og innra eftirlit.**
Vel þróað innra mat gefur yfirsýn yfir gæði og árangur starfsins. Til verða mikilvægar upplýsingar sem nýtast í daglegu starfi en einnig til upplýsingagjafar fyrir helstu hagsmunaaðila. Með innra mati er saga skólanna sögð af þeim sjálfum (MacBeath, 1999).

1.2 Hvað er innra mat í leikskóla?

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um leikskólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum eða þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum.⁹

Matið gerir leikskólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir börnin. Unnið er út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

⁸ Litið var til umfjöllunar um lærdómssamfélagið í í kaflanum Skóli sem lærdómssamfélag í *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni*, Anna Kristín Sigurðardóttir, (2013)

⁹ Byggt á Education Scotland, (2015); Inspectorate Department of Education and Skills, (2012) og Sigurlína Davíðsdóttir, (2008)

1.2.1 Viðmið um innra mat skóla

Skólar hafa ákveðið frelsi í sínu innra mati en matið þarf þó að lúta ákveðnum viðmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá (Björk Ólafsdóttir, 2011; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011):

Kerfisbundið	Matið á að vera fyrirfram hugsað og vel skipulagt með áætlunum. Matskerfi skólans á að lýsa í skólanámskrá og viðfangsefni hvers skólaárs þarf að tilgreina í starfsáætlun.
Markmiðsbundið	Skólar setja sér stefnu og markmið út frá aðalnámskrá og skólastefnu síns sveitarfélags. Með innra mati er metið hvernig gengur að ná þeim markmiðum.
Samstarfsmiðað	Helstu hagsmunahópar; starfsfólk, foreldrar og börn eiga að hafa sitt að segja um skipulag og framkvæmd matsins, eftir því sem við á. Leita þarf til allra þessara hópa þegar gagna er aflað. Innra mat byggist á samræðum og ígrundun og hvetur þannig til samstarfs.
Samofið öllu skólastarfi	Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem leikskólakennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn afla gagna um leik, nám og velferð barna. Matið nær til allra þátta starfsins.
Byggt á traustum gögnum	Gagnaöflun þarf að vera vönduð og afla þarf gagna sem best varpa ljósi á viðfangsefnið.
Greinandi og umbótamiðað	Greina þarf niðurstöður í styrkleika og þætti sem þarfnast umbóta. Gera þarf áætlun um umbætur, koma henni í framkvæmd og meta hvernig til tekst.
Opinbert	Helstu niðurstöður og áætlanir um umbætur þarf að birta opinberlega, til dæmis á heimasíðu leikskóla. Þess skal þó gæta að birta ekki persónugreinanlegar eða viðkvæmar upplýsingar.


1.3 Hvernig er innra mat í leikskóla framkvæmt?

Hver leikskóli mótar sína skólanámskrá á grunni aðalnámskrár leikskóla og stefnu sveitarfélags og gerir starfsáætlun um árlega starfsemi. Skólanámskrá og starfsáætlun eru sá grundvöllur sem innra mat byggist á. Í innra mati er skoðað hvernig gengur að vinna að framgangi stefnu og markmiða leikskólans, þar sem bæði markmið og leiðir að þeim eru metnar.

Innra mat er ferli sem sífellt er endurtekið. Helstu skrefin í ferlinu eru:

1. Skipulagning matsins.
2. Gagnaöflun samkvæmt áætlunum.
3. Greining gagna, mat lagt á niðurstöður.
4. Niðurstöður teknar saman í stutta greinargerð.
5. Umbótaáætlun gerð og framkvæmd, umbótum fylgt eftir og þær metnar.

Ferlið er sett upp í hring til að sýna að matið er viðvarandi verkefni, því lýkur í raun aldrei þó að eins konar uppgjör með niðurstöðum og umbótaáætlun verði til árlega.



Ein af forsendum virks innra mats er sameiginleg sýn á gagnsemi þess. Mikilvægt er að hagsmunahópar ræði tilgang matsins, hverjum það gagnist og hvernig (MacBeath, 1999). Leikskólastjóri ber ábyrgð á að innleiða þessa sameiginlegu sýn.

Í köflunum hér á eftir verður hvert skref í matsferlinu útskýrt nánar.

2 Skipulagning matsins

Innra mat krefst góðs skipulags. Ákveða þarf hverjir eiga að stjórna matinu og leikskólar þurfa að koma sér upp ákveðnu matskerfi, þar sem metið er út frá markmiðum skólans og allir helstu þættir eru metnir. Til þess að halda utan um skipulagið þarf að gera matsáætlanir til lengri og skemmri tíma. Matskerfi leikskólans á að lýsa í skólanámskrá, m.a. með langtímaáætlun, þannig að ljóst sé hvaða þættir eru metnir og hvenær og hverjar helstu gagnaöflunaraðferðir eru. Í nákvæmri matsáætlun fyrir hvert skólaár eru viðfangsefni matsins tilgreind og tengsl þeirra við markmið skólans. Fram þarf að koma hvernig afla eigi gagna og frá hverjum og setja fram viðmið um árangur. Gera þarf tímaáætlun og tilgreina ábyrgðaraðila fyrir hvern þátt.

Dæmi um lýsingu á matskerfi, sem felur í sér langtímaáætlun í mati, má finna í viðauka 1 og dæmi um matsáætlun fyrir hvert skólaár má finna í viðauka 2.

Hér á eftir verður fjallað nánar um matsteymi og þátttöku í innra mati, viðfangsefni innra mats og val á viðmiðum.

2.1 Matsteymi og þátttaka í innra mati

Innra mat er samvinnuverkefni alls skólasamfélagsins og allir hagsmunahópar þurfa að koma að helstu þáttum matsferlisins, eftir því sem við á. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati í sínum skóla en mikilvægt er að framkvæmd og ut anumhald þess dreifist á fleiri aðila.

Mikilvægt er að koma á fót matsteymi þar sem fulltrúar stjórnenda, leikskólakennara, annarra starfsmanna og foreldra sitja. Teymið sér um skipulag matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur, í samráði við leikskólastjóra. Teymið skiptir með sér verkum og kýs sér formann sem leiðir starf þess. Matsteymið virkjar aðra með sér í matinu. Ákjósanlegur fjöldi í matsteymi er 3 til 8 og fer það eftir stærð leikskóla. Í stærri skólum er gott að fulltrúar allra deilda eigi sinn fulltrúa í matsteymi en í mjög litlum skólum eru öll verk á hendi fárra og þá gætu allir starfsmenn setið í matsteymi.

Matið þarf að vera samofið daglegu starfi, þannig að gagna sé afluð um leik, nám og velferð í starfi á deildum, í útiveru og í öðru skipulögðu starfi. Greining gagna og markvissar samræður um umbætur ættu að stórum hluta að fara fram á föstum fundum, til dæmis deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsmannafundum og fundum foreldraráðs. Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn gegna lykilhlutverki í innra mati leikskóla með gagnaöflun, greiningu á gögnum og framkvæmd umbóta í daglegu starfi.

Þegar innra mat er skipulagt þarf að gæta þess að gagna sé afluð frá börnum, starfsfólki og foreldrum, þannig að raddir allra fái að heyrast. Innra mat sem samofið er daglegu skólastarfi, með þátttöku allra hagsmunahópa, er það sem stefnt er að.

2.2 Viðfangsefni innra mats

Samkvæmt viðmiðum um innra mat eiga skólar að velja sér viðfangsefni út frá stefnu og markmiðum, þar sem metið er hvort eða að hve miklu leyti markmið hafa náðst og meta þarf alla helstu þætti starfsins. Leikskólar þurfa að koma sér upp ákveðnu kerfi þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Þess þarf að gæta að ætla sér ekki um of og því er mikilvægt að forgangsraða viðfangsefnum út frá stefnu og markmiðum, niðurstöðum innra mats og aðstæðum á hverjum stað.

Viðfangsefni innra mats í leikskóla er hægt að flokka á mismunandi vegu. Hér er að stuðst við þá flokkun sem fram kemur í bæklingnum *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs* (Björk Ólafsdóttir o.fl., 2014) til þess að auðvelda leikskólum að nýta sér þau viðmið í sínu innra mati.

Helstu viðfangsefni innra mats í leikskóla eru:

Uppeldis- og menntastarf:

- Skipulag náms og námsaðstæður.
- Uppeldi, menntun og starfshættir.
- Leikur og nám – Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna.
- Námsvið leikskólans.
- Leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans.
- Mat á námi og velferð barna.

Mannauður:

- Hlutverk leikskólakennara.
- Fagmennska starfsfólks.
- Starfsánægja.

Stjórnun:

- Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.
- Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur.
- Faglegt samstarf.
- Leikskólaþróun og starfsþróun.
- Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

Leikskólabragur:

- Viðmót og menning.
- Velferð og líðan barna.
- Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun.
- Viðhorf foreldra.

Innra mat:

- Skipulag og viðfangsefni.
- Gagnaöflun og vinnubrögð.
- Opinber birting og umbætur.

Mat á uppeldis- og menntastarfi er mikilvægur þáttur í kerfisbundnu mati hvers leikskóla sem meta þarf með einhverjum hætti árlega þar sem matið fer fram sem hluti af daglegu starfi leikskólakennara og annarra starfsmanna.

Það skiptir miklu máli að viðfangsefnið sé skýrt í hugum þeirra sem skipuleggja matið og að búið sé að ákveða nákvæmlega hvað á að meta svo að matið verði markvisst. Umræða um viðfangsefnið, áður en hafist er handa, er mikilvæg.

2.3 Val á viðmiðum

Samhliða vali á viðfangsefnum þarf að velja viðmið um gæði og árangur. Viðmið er sú gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvort eða hversu vel tókst að ná því markmiði sem sett var. Þau geta ýmist verið sett fyrir hvern matsþátt og/eða fyrir ákveðnar gagnaöflunaraðferðir og geta bæði verið skilgreind í orðum eða sett fram í tölum. Mikilvægt er að sátt ríki í skólasamfélaginu um þau viðmið sem notuð eru í innra mati.

Leikskóli velur sín eigin viðmið sem grundvallast á aðalnámskrá og stefnu sveitarfélags. Þegar viðmið eru valin er t.d. hægt að byggja á:

- a) *Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.*¹⁰
- b) Rannsóknarniðurstöðum og fræðaskrifum.
- c) Samanburði við aðra.
- d) Samanburði á milli ára.

2.3.1 Viðmið í orðum – gæðalýsingar

Viðmið um gæði og árangur er hægt að setja fram í setningum eða lengri lýsingum. Gæðalýsingar á hinum ýmsu þáttum skólastarfs skerpa áherslur og setja starfinu ákveðinn ramma sem auðveldar faglegar umræður og ígrundun. Til frekari skýringar geta vísbendingar fylgt lýsingunum, sem eru þá birtingarmyndir þess að unnið sé samkvæmt þeim. Leikskólakennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn, eftir því sem við á, geta búið til gæðalýsingar á ýmsum þáttum starfsins, s.s. á samverustund, á námsumhverfi og á samstarfi heimila og leikskóla.

Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs eru dæmi um viðmið í orðum sem skólar geta nýtt sér í innra mati. Þar eru lýsingar á gæðum helstu þátta starfsins. Lýsingunum fylgja vísbendingar sem benda til gæðastarfs. Leikskólar geta bætt við eða breytt, bæði lýsingunum og vísbendingunum, eftir sínum áherslum og markmiðum og mikilvægt er að skólinn geri viðmiðin að sínum. Viðmiðin og vísbendingarnar eru góður grunnur sem skólar geta byggt ofan á.

Eftirfarandi dæmi um gæðalýsingu og vísbendingar um þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun er tekið beint úr *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs* (Björk Ólafsdóttir o.fl., 2014).

¹⁰ Björk Ólafsdóttir o.fl., (2014)

Dæmi um viðmið og vísbendingar fyrir þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun

„Allt samstarf heimila og leikskóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri leikskóla og aukinni velferð barna. Í samstarfi við foreldra er fylgst með alhliða þroska allra barna og leitað leiða til að efla hann. Lögð er rækt við að byggja upp og viðhalda virku og góðu samstarfi við foreldra og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum þeirra um uppeldi og nám barna þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu og eru þátttakendur í umræðum um þróun, mat og umbætur og breytingar á stefnu og skólanámskrá. Foreldrar sýna leikskólastarfinu áhuga og taka virkan þátt í því. Gott og gagnkvæmt upplýsingaflæði er milli foreldra og starfsfólks, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Foreldrar eru upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um leikskólastarfið. Foreldrum er tryggð túlkajónusta þegar á þarf að halda til að nauðsynlegar upplýsingar komist til skila. Foreldraráð starfar við leikskólann og hefur sett sér starfsreglur. Kosid er árlega í foreldraráð og hefur leikskólastjóri frumkvæði að kosningu og starfar með ráðinu. Foreldraráð er skipað að lágmarki þremur fulltrúum foreldra. Þeir sem sitja í ráðinu eru fulltrúar umbjóðenda sinna og upplýsa þá um starfsemi ráðsins og leita eftir ábendingum.

- Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir, þ.m.t. upplýsingagjöf til foreldra.
- Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess.
- Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans.
- Foreldrum eru gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum.
- Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl.
- Túlkajónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á.
- Starfsfólk er lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta.
- Skipulagt verklag er í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál.
- Upplýsingum er miðlað til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti (s.s. á upplýsingatöflu, í tölvupósti og fréttabréfum).
- Heimasíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans.
- Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi.
- Foreldraráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Fundir foreldraráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Fulltrúar foreldra í foreldraráði eiga samráð við foreldrahópinn þegar við á.
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólalahlad og leikskólaþróun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði.“

2.3.2 Töluleg viðmið

Hægt er að setja töluleg viðmið um ýmsa þætti í leikskólastarfi, til dæmis um framfarir barna, ýmsar skráningar og lykiltölur.

Þegar gagna er aflað með könnunum og gátlistum er gott að búið sé að ákveða fyrirfram hvaða niðurstöður teljast góðar og hvenær grípa þarf til aðgerða. Skólar hafa frjálssar hendur í vali á tölulegum viðmiðum en skynsamlegt er að stefna hátt án þess að vera óraunsær og alltaf þarf að taka mið af aðstæðum.

Leikskóli sem notar lýsinguna í rammanum hér að ofan og vísbendingarnar sem henni fylgja getur t.d. aflað gagna með könnun til foreldra. Þá væri hægt að setja tölulegt viðmið um að 90% þeirra sem svara þurfi að vera frekar eða mjög ánægðir með þær fullyrðingar í könnuninni sem kanna þessa þætti. Grípa þurfi til aðgerða ef hlutfallið fer undir 90%. Algennt er að skólar noti bæði viðmið í orðum og töluleg viðmið í sínu innra mati og oft blandast þetta saman, þannig að töluleg viðmið geta verið mælikvarði á hvort ákveðinni vísbendingu út frá gæðalýsingu sé náð.

3 Gagnaöflun

Þegar viðfangsefni og viðmið hafa verið valin er næsta skref að afla viðeigandi gagna sem sýna fram á gæði/árangur þess sem metið er. Gögnin þurfa að varpa ljósi á það sem við viljum vita um viðfangsefnið og því er gott, við skipulagningu gagnaöflunar, að spyrja spurninga eins og *hvernig er best að fá upplýsingar um þetta? Og hvert er best að leita eftir þeim upplýsingum?* Stundum liggur ljóst fyrir hvernig best er að afla gagna og frá hverjum, en oft eru ýmsir möguleikar í stöðunni og þá þarf að velja bestu leiðina og/eða nota fleiri en eina aðferð til að auka áreiðanleika.

Nokkur almenn atriði sem gott er að hafa í huga við gagnaöflun:


- Skoða hvort viðeigandi gagna hafi þegar verið aflað, þ.e.a.s. hvort þessi gögn séu til í skólanum.
- Sjálfsgagt er að nýta ytri matstæki (sem aðrir hafa hannað) en þá þarf að gæta að því að tækin séu aðlöguð að þörfum skólans eins og hægt er.
- Matstæki þurfa að vera skýr og einföld í notkun.
- Virða þarf trúnað og fara að lögum og reglum um persónugreinanleg gögn.

Í leikskóla er verið að meta lýðræðislega þátttöku barna. Viðeigandi gagna er til dæmis hægt að afla með vettvangsathugun þar sem þátttaka barna í hinum ýmsu þáttum starfsins er skráð. Einnig væri hægt að ræða við bæði starfsmenn á deildarfundum og börn í samverustundum. Ef gagnaöflun yrði byggð á könnun til foreldra væri ekki um viðeigandi gögn að ræða því ólíklegt er að foreldrar viti nógu mikið viðfangsefnið.

Til þess að tryggja fjölbreytni og auka áreiðanleika innra mats er gott að afla gagna með þrenns konar aðferðum (Education Scotland, 2015):

- Greina fyrirbyggjandi gögn.
- Fylgjast með á vettvangi.
- Fá fram álit, skoðanir og reynslu helstu hagsmunaaðila.

Ein og sér gefa þau gögn sem aflað er með hverri þessara aðferða ákveðna sýn, en saman gefa þau góða heildarmynd af starfinu í leikskólanum. Því er gott að skipuleggja gagnaöflun í innra mati þannig að gagna sé aflað með öllum þremur aðferðunum, en þó þannig að viðeigandi gagna sé aflað.



3.1 Greining fyrirliggjandi gagna

Mikið af gögnum verður til í daglegu skólastarfi sem nýtast í innra mati. Gögnin eru þá greind fyrir hópa, deildir eða leikskólann í heild. Hér eru nokkur dæmi um þætti sem hægt er að greina:

- Niðurstöður á mati á námi og velferð barna.¹¹
- Aðrar skráningar.
- Skólanámskrá og/eða ákveðnir þættir í skólanámskrá.
- Starfsáætlun og/eða ákveðnir þættir í starfsáætlun.
- Fundargerðir.
- Ýmis konar skýrslur, t.d. um ákveðin verkefni eða starfið á deildum.

Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn halda utan um mat á námi og velferð barna. Þeir safna upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, gera og skilja (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013). Leikskólinn notar fjölbreyttar leiðir til þess að safna upplýsingum um hvert barn, en í innra mati eru niðurstöður skoðaðar fyrir deildir, árganga og leikskólann í heild. Nýjustu upplýsingakerfin fyrir skóla bjóða upp á ýmis konar greiningu á mati á námi og velferð barna þar sem hægt er að horfa á stöðu barnahópsins í heild og hópa innan hans. Einnig er hægt að bera saman hópa, námsvið og skóla.

Gátlistar eru góð hjálpartæki þegar greina þarf fyrirliggjandi gögn og með þeim er hægt að skrá niður upplýsingar af ýmsum toga. Í innra mati er t.d. hentugt að nota gátlista við greiningu á skriflegum gögnum, svo sem skólanámskrá og starfsáætlun og öðrum skriflegum upplýsingum er varða starfið. Ýmsar útfærslur eru til á gátlistum en þeir þurfa að vera skýrir og einfaldir og gott er að gera ráð fyrir athugasemdum.

Dæmi um gátlista fyrir mat á innihaldi skólanámskrár má finna í viðauka 3.

3.2 Vettvangsathuganir

Að fylgjast með á vettvangi er góð leið til að afla gagna, því þannig fást beinar upplýsingar, frá fyrstu hendi, um það sem gerist á deildinni eða í námsumhverfinu. Þegar gagna í innra mati er aflað með vettvangsathugunum verður matið samofið daglegu skólastarfi.

Dæmi um vettvangsathuganir:

- Leikskólakennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn meta eigið starf.
- Jafningjamat – leikskólakennarar og aðrir starfsmenn meta starf hvers annars.
- Stjórnendur fylgjast með leikskólastarfi.

Allir hagsmunahópar geta komið að vettvangsathugunum og listinn hér að ofan er ekki tæmandi. Vettvangsathuganir þurfa að vera vel undirbúnar og búið að ákveða fyrirfram hvaða þætti á að skoða. Gátlistar, þar sem búið er að skrá niður þau atriði sem skoða á, koma að góðu gagni í vettvangsathugunum rétt eins og þegar fyrirliggjandi gögn eru greind.

Dæmi um gátlista fyrir mat á leik og námi má finna í viðauka 3.

¹¹ Hægt er að lesa um námsmat í leikskólum í [Þemahefti um námsmat í leikskólum](#), Anna Magnea Hreinsdóttir, (2013).

Þegar gagna í innra mati er aflað með vettvangsathugunum þarf að ríkja sátt um meðhöndlun gagna og framsetningu niðurstaðna. Virða þarf trúnað og gæta þess að niðurstöður verði ekki persónugreinanlegar. Þessi mál þarf að ræða á sameiginlegum fundum áður en hafist er handa og ætti hver skóli að setja sér reglur um meðferð slíkra upplýsinga.

3.2.1 Að meta eigið starf

Leikskólakennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn meta eigið starf í þeim tilgangi að skilja það betur og þróa sig áfram í starfi. Leitað er í smiðju starfendarannsókna en slíkar rannsóknir í skólum eru góð leið til að læra og vaxa í starfi (Hafþór Guðjónsson, 2011). Leikskólakennarinn/starfsmaðurinn skoðar eigin aðferðir og áhrif þeirra á börnin. Hann gæti til dæmis verið að prófa nýja nálgun í hópatíma eða sérstaka aðferð við að meta nám og velferð barna. Skráning er lykilatriði því þannig verða til gögn sem eru greind til að fá fram niðurstöðu. Samvinna og samræður starfsfólks um rannsóknina, ferlið og niðurstöðurnar, eru mikilvægur þáttur í slíkum rannsóknum.

3.2.2 Jafningjamat

Í leikskólastarfi er tilvalið að nýta sér samvinnu á deildum til markvissari rýni á leik og nám með vettvangsathugunum. Starfsfólkið skipuleggur hvaða þáttum starfsins á að fylgjast með, aflar viðeigandi gagna sem það svo rýnir saman í, skráir og greinir.

Traust og góð samvinna eru grundvöllur jafningjamat. Best er að leikskólakennarar og aðrir starfsmenn velji sig saman sjálfir, skoði fyrirfram ákveðna þætti í leik og námi, sem eru viðfangsefni innra mats og ræði svo niðurstöðurnar saman, bæði um það sem vel er gert og tillögur að því sem betur má fara. Gæta þarf að jafnvægi á milli jákvæðra þátta og þeirra atriða sem bæta má þannig að umræðan sé ávallt uppbyggjandi.

Samstarfsmenn læra hver af öðrum og líklegt er að margir tengi slíka samvinnu ekki endilega við innra mat. Í mannauði hvers leikskóla liggur mikil þekking og reynsla sem mikilvægt er að nýta sem best með því að miðla henni áfram. Vettvangsathuganir ýmis konar eru tilvaldar til þess að dreifa þekkingu og reynslu innan leikskólans og jafnvel til samstarfsskóla.

3.2.3 Stjórnendur fylgjast með starfi á deildum

Stjórnendur og deildarstjórar geta fylgst með starfinu út frá gátlistum. Þá er til dæmis horft á fyrirfram ákveðna þætti út frá viðmiðum um gæði sem búin hafa verið til í sameiningu af starfsfólki og stjórnendum. Mikilvægt er að stjórnandi og starfsmaður ræði málin og fari yfir það sem vel er gert og þau atriði sem betur mega fara. Eins og alltaf þarf að gæta að jafnvægi þarna á milli, að umræðan sé uppbyggileg og komi leikskólastarfinu í heild til góða.

3.3 Að fá fram skoðanir/álit hagsmunaaðila

Kannanir, viðtöl og rýnihópar eru þekktar gagnaöflunarleiðir til að fá fram skoðanir og álit hagsmunaaðila en einnig er markvisst hægt að nýta samræður ýmis konar í sama tilgangi, til dæmis á fundum eða í viðtölum. Öll slík gagnaöflun þarf að vera vel skipulögð og niðurstöður þarf að skrá og greina.

Helstu aðferðir til að fá fram skoðanir/álit hagsmunaaðila eru:

- Kannanir til starfsfólks og foreldra – Sjálfsagt er að nýta ytri kannanir, t.d. á vegum sveitarfélags, en mikilvægt er að aðlaga þær að viðfangsefninu.
- Rýnihópar – Viðfangsefni innra mats rædd í hópi barna, starfsfólks eða foreldra. Best er að ræða við börn sér, foreldra sér og svo framvegis.
- Ýmis afbrigði rýnihópa/fundir – Ákveðnir þættir í innra mati ræddir á hvers konar fundum, t.d. starfsmannafundum, deildarstjórafundum, foreldrafundum, matsfundum, kaffihúsafundum og í samverustundum.
- Viðtöl – Tilteknir þættir mats ræddir í starfsmannaviðtölum, foreldraviðtölum og viðtölum við börn.

3.3.1 Spurningakannanir

Spurningakannanir eru hentugar í notkun í innra mati leikskóla. Með þeim er hægt að afla margvíslegra upplýsinga frá starfsfólki, foreldrum og öðrum hagsmunaaðilum á skömmum tíma. Með spurningakönnunum er til dæmis hægt fá upplýsingar um ýmsar staðreyndir, um upplifun og reynslu þeirra sem svara og hversu ánægðir/óánægðir þeir eru með ýmsa þætti leikskólastarfsins. Áður en spurningakönnun er búin til þarf að ákveða nákvæmlega hvaða upplýsinga er þörf og hvernig þær verða notaðar.

Aðgangur að ókeypis eða ódýrum forritum á netinu auðvelda skólum gerð, fyrirlögn og úrvinnslu spurningakannana.

3.3.1.1 Hönnun og notkun spurningakannana

Spurningar í könnunum geta verið lokaðar, hálfopnar eða opnar. Í lokaðum spurningum eru allir svarkostir settir fram á meðan opin spurning hefur engan ákveðinn svarkost. Hálfopnar spurningar bjóða upp á bæði svarkosti og opin svör og þær er hægt að nota þegar svarkostir eru margir en ekki allir þekktir.

Dæmi úr spurningakönnun til starfsmanna – lokaðar spurningar

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Ég er stolt/ur af starfi mínu á leikskólanum				
Á leikskólanum er unnið gott starf				
Hæfni mín og þekking nýtist vel í starfi				
Mér líður vel í vinnunni				

Í opnum spurningum geta þátttakendur svarað eftir sínu höfði og sett fram sínar skoðanir og viðhorf án þess að vera bundnir við ákveðna svarmöguleika. Þær bjóða því upp á lengri útskýringar og stundum koma óvæntar en gagnlegar upplýsingar fram. Svör opinna spurninga þarf að flokka og skrá og því getur úrvinnsla og greining á þeim verið tímafrek.

Dæmi um opnar spurningar í spurningakönnun til starfsmanna

Hvað gengur best í starfinu?

Hvað er erfiðast í starfinu?

Gott er að huga að eftirfarandi atriðum við gerð könnunar (Inspectorate Department of Education and Skills, 2012):

- Útskýra hvers vegna listinn er lagður fyrir og tilgreina að gætt sé að nafnleynd og trúnaði.
- Gefa skýrar leiðbeiningar um hvernig á að svara.
- Hafa röð spurninga skýra og rökrétta.
- Ekki hafa of margar spurningar.
- Forðast óþarfa spurningar (þó það sé gaman að vita svörin).
- Spyrja um eitt efnisatriði í hverri spurningu.
- Forðast leiðandi spurningar.
- Orða spurningar með þá sem svara í huga, forðast flókið orðalag.

Einnig þarf að huga að gerð svarkosta (Þorlákur Karlsson, 2003):

- Gott er að svarkostir komi fram í upphafi spurninga t.d. hversu sammála/ósammála ert þú.
- Svarkostir verða að vera tæmandi og mega ekki skarast t.d. mjög sammála – frekar sammála – frekar ósammála – mjög ósammála.
- Kvarði verður að ná alla leið í báðar áttir t.d. alltaf – oft – stundum – sjaldan – aldrei.

Gott er að prófa könnun áður en hún er formlega lögð fyrir með því að leggja hana fyrir nokkra aðila.

Dæmi um spurningalista til starfsmanna má finna í viðauka 4.

3.3.2 Rýnihópar

Rýnihópaviðtöl eru góð gagnaöflunaraðferð þegar rýna þarf dýpra í ákveðin viðfangsefni innra mats. Þau geta verið hluti af hefðbundinni gagnaöflun en þar sem þau gefa dýpri sýn á viðfangsefnið en kannanir getur einnig verið gott að taka slík viðtöl ef einhver óánægja eða óvissa um ákveðin málefni kemur fram í könnunum.

Ákjósanlegur fjöldi í rýnihópi er 6 til 8 manns. Þátttakendur ræða fyrirfram ákveðin mál, viðfangsefni matsins, í hópi sem til dæmis getur verið samsettur af starfsmönnum, börnum eða foreldrum. Gæta þarf að jafnvægi í hópnum þannig að allir eigi jafna möguleika á því að tjá sig og að hópurinn sé þannig samsettur að þátttakendur hafi svipaða aðkomu að því sem um er rætt. Erfitt getur verið að blanda saman ólíkum hópum, eins og starfsmönnum og foreldrum, því aðkoma þessara hópa að málefnum skólans er ólík.

Rýnihópaviðtali þarf að stjórna og ákveða fyrirfram þau málefni sem ræða á. Góð leið er að búa til viðtalsramma sem farið er eftir í viðtalinu. Æskilegt er að rýnihópaviðtal vari ekki lengur en klukkutíma og skemur ef rætt er við börnin. Gæta þarf að því að viðfangsefnin rúmist innan þess tímaramma sem ætlaður er.

Ákjósanlegt er að hafa bæði viðtalsstjórnanda og ritara í viðtalinu, þar sem stjórnandinn spyr spurninga og sér til þess að allir þátttakendur fái að leggja til málanna og ritarinn skráir niður það sem fram kemur. Ef ekki er möguleiki á að hafa ritara getur verið gott að taka viðtalið upp, með leyfi þátttakenda, og skrá niður helstu atriði eftir. Ef viðtalið er tekið upp þá er mikilvægt að eyða upptökunni um leið og búið er að hlusta á hana. Í lok rýnihópaviðtals er gott að gefa þátttakendum færi á að tjá sig um það sem á þeim brennur og ekki hefur þegar komið fram.

Starfsmenn geta í rýnihópi rætt um ákveðna þætti í uppeldis- og menntastarfi. Helsti kostur rýnihópa er samræðan, þátttakendur segja sitt álit en hlusta jafnframt á hina og oft kvikna við það nýjar hugmyndir og nýjar víddir opnast.

Hlutverk viðtalsstjórnanda í rýnihópi er mikilvægt því hann þarf að sjá til þess að allir fái að tjá sig, að umræðan í hópnum fái að þróast og að færi sé gefið á nánari útskýringum á hugmyndum og skilningi þátttakenda. Samræðan í hópnum er mikilvæg, það að hlusta eftir skoðunum annarra og byggja áfram á þeim. Stjórnandi þarf að gæta þess að blanda sér ekki í umræðuna, hann spyr spurninga. Gott er að byrja á öpum spurningum sem síðan þróast í afmarkaðri spurningar eftir því sem umræðunni um ákveðið málefni vindur fram. Í lokin tekur stjórnandinn saman og gefur þátttakendum færi á að bæta við umræðuna.

Gæta þarf að nafnleynd og trúnaði í rýnihópaviðtölum og rétt er að áréttta það við þátttakendur í upphafi viðtals.

Dæmi um viðtalsramma fyrir rýnihópaviðtal má finna í viðauka 5.

3.3.3 Ýmis afbrigði rýnihópa/fundir

Samræða er ákaflega mikilvæg í innra mati og um að gera að virkja hugmyndaflugið þegar skipuleggja á umræðu um viðfangsefni innra mats. Hér eru nokkur dæmi:

- Kaffihúsafundir, þátttakendum á fundinum er skipt í minni hópa þar sem rætt er um ákveðin málefni. Ef ræða þarf mörg málefni er þeim deilt á stöðvar/borð og hver hópur ræðir málefnið á hverri stöð í ákveðinn tíma, kemst að sameiginlegri niðurstöðu sem er skráð og tekin saman af stjórnendum fundarins. Kaffihúsafundi er hægt að útfæra á ýmsa fleiri vegu.
- SVÓT-greining þar sem samræða fer fram í hópum um styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri viðfangsefnisins.

- Samræður leikskólakennara og starfsmanna, eftir því sem við á, ígrundun á hinum ýmsu fundum um viðfangsefni innra mats.

3.3.4 Einstaklingsviðtöl

Á sama hátt og rýnihópaviðtöl geta einstaklingsviðtöl gefið dýpri upplýsingar um viðfangsefni innra mats en t.d. kannanir. Viðtöl eru góð til að fá fram gildismat, viðhorf og reynslu og þau geta gefið nýja sýn á viðfangsefnið.

Sá sem tekur viðtalið þarf að vera með fyrirfram tilbúinn viðtalsramma út frá þeim viðfangsefnum sem ræða á með fáum en skýrum spurningum. Lengd viðtalsins þarf einnig að ákveða fyrirfram. Spyrillinn skrifar hjá sér þau atriði sem fram koma í viðtalinu inn í viðtalsrammann, en mikilvægt er að fylla hann betur út við fyrsta tækifæri. Gott er að taka saman og endurtaka það sem fram hefur komið í lok viðtals þannig að viðmælandanum gefist færi á að leiðrétta ef rangt er farið með. Einstaklingsviðtöl þurfa að vera sveigjanleg og mikilvægt að gefa viðmælandanum færi á að bæta við frá eigin brjósti t.d. í lok viðtals. Hafa þarf í huga að þær upplýsingar sem fást í viðtali geta mótast af því hver spyrillinn er. Ekki er til dæmis víst að allar upplýsingar komi fram ef það er skólastjórnandi sem tekur viðtalið. Eins og í rýnihópaviðtölum þarf að gæta nafnleyndar og trúnaðar og ef viðtalið er tekið upp til hagræðingar þarf það að vera með leyfi viðmælanda og eyða þarf upptökunni um leið og búið er að vinna úr henni.

Helsti ókostur einstaklingsviðtala er hvað þau eru tímafrek þar sem einungis er tekið viðtal við einn þátttakanda í einu. Til að spara tíma er hægt að nýta önnur viðtöl, eins og starfsmannaviðtöl eða foreldraviðtöl, til gagnaöflunar fyrir innra mat en þá er rétt að gefa viðtalinu heldur lengri tíma en annars er áætlaður og slíkt þarf að gera með samþykki þeirra sem að koma.

Dæmi um viðtalsramma fyrir einstaklingsviðtal má finna í viðauka 5.

4 Greining og mat; styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þegar búið er að afla gagna er næsta skref að greina gögnin og leggja á þau mat. Niðurstöður eru þá teknar saman fyrir hvert viðfangsefni. Stundum er gagna um viðfangsefnið aflað með einni aðferð en oftast þarf að taka saman ólík gögn fyrir hvert viðfangsefni. Öll gögn þurfa að liggja fyrir áður en endanlegt mat fer fram.

Dæmi um slík gögn eru:

- Niðurstöður mats á námi og velferð barna, framfarir barna.
- Niðurstöður kannana.
- Gátlistar og samantekt á þeim.
- Skráningar ýmis konar eða samantekt skráninga, t.d. úr rýnihópum og viðtölum.

Matið sjálf fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fer yfir öll gögn um hvert viðfangsefni, ræðir niðurstöðurnar, ber saman við viðmiðin og ályktar út frá því um gæði og árangur. Matið er ákveðinn dómur um stöðu mála og er í eðli sínu huglægt. Samræðan í hópnum/unum er mikilvæg til að komast að niðurstöðu þar sem opinská umræða, sem byggð er á traustum gögnum, eykur líkurnar á að niðurstöður matsins séu áreiðanlegar. Mikilvægt er að skrá niðurstöður greiningar og mats fyrir hvert viðfangsefni og á hverju hún byggist.

Ef farin er sú leið að hafa gæðalýsingar í orðum og vísbendingar með þeim, líkt og rætt var um í viðmiðakaflanum hér á undan, er hverri vísbendingu gefin einkunn á fyrirfram ákveðnum kvarða. Skólar velja sinn kvarða en hér er dæmi um kvarða sem byggður er á kvarðanum sem Menntamálastofnun og Reykjavíkurborg nota í ytra mati á leikskólum (Björk Ólafsdóttir o.fl., 2014):

A	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
B	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar.
C	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar fleiri en styrkleikar.
D	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Ef þessi skali er notaður þá gætu allar vísbendingar sem fá einkunnina A talist til styrkleika en C og D þarfnast umbóta.

5 Framsetning niðurstaðna

Áherslan í innra mati er fyrst og fremst á skólabróun og umbætur en ekki á skrifinnsku og skýrslugerð. Engu að síður er mikilvægt að matsteymi taki helstu niðurstöður innra mats saman árlega og setji fram í stutta greinargerð. Í henni ættu einungis að koma fram niðurstöður þeirrar greiningar og þess mats sem fram hefur farið innan skólans og fjallað er um í kafla 4.

Greinargerð um innra mat getur verið sett fram á mismunandi hátt. Hér er dæmi um uppsetningu á greinargerð með helstu þáttum sem fram þurfa að koma:¹²

Kafli	Lýsing
Inngangur	Gott er að segja stuttlega frá skólanum, svo sem fjölda nemenda, samsetningu þeirra og helstu sérkennum skólans. Sérstaklega skal fjalla um þá þætti sem áhrif gætu haft á niðurstöður matsins. Allar upplýsingar um vinnubrögð í innra mati, matskerfi skólans og matsáætlanir eiga að vera í skólanámskrá og starfsáætlun. Hér er nóg að vísa til þessara upplýsinga en ef brugðið hefur verið út af matsáætlunum er mikilvægt að útskýra það.
Niðurstöður	Í niðurstöðukafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig gengið hefur að ná þeim fram. Gott er að leggja sérstaka áherslu á að fjalla um þá þætti sem teljast til styrkleika og tækifæra til umbóta. Alltaf þarf að gæta þess að birta ekki viðkvæmar eða persónugreinanlegar upplýsingar.
Samantekt	Í lokin er gott er að taka saman styrkleika og tækifæra til umbóta í punktaformi og vísa í umbótaáætlun.

Gott er að hafa í huga við skrifin að greinargerðin er skrifuð fyrir starfsfólk, foreldra, fræðsluyfirvöld og alla þá sem hagsmuna eiga að gæta og hún þarf að vera skýr, hnitmiðuð og stutt. Greinargerðina þarf að birta opinberlega, til dæmis á heimasíðu leikskóla, þannig að allir hagsmunaaðilar hafi aðgang að henni.

Öll gögn sem verða til í innra mati eru geymd í leikskólanum á viðeigandi hátt þar sem farið er eftir lögum og reglum um varðveislu gagna. Leikskólar geta birt hráar niðurstöður spurningakannana í heild sinni á heimasíðu en alltaf þarf að gæta vel að því að birta ekki persónugreinanlegar upplýsingar.

¹² Byggt á Inspectorate Department of Education and Skills, (2012) og Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., (2011)

6 Umbótaáætlun

Eitt mikilvægasta skrefið í innra mati eru umbæturnar, að öll sú vinna sem lögð hefur verið í matið skili raunverulegum umbótum sem hagsmunaaðilar þekki, finni og geti bent á. Gera þarf áætlun um umbætur fyrir þá þætti sem skilgreindir eru sem tækifæri til umbóta og mikilvægt er að samhliða því fari fram samræða helstu hagsmunaaðila um þessa þætti, ástæður þeirra og hvernig hægt er að gera betur.

Eftirfarandi þættir þurfa að koma fram í umbótaáætlun:

- Umbótaþáttur.
- Markmið með umbótum.
- Aðgerðir til umbóta.
- Tímaáætlun.
- Ábyrgðaraðili/ar.
- Endurmat, hvenær og hvernig.
- Viðmið.

Í umbótaáætlun þarf að tilgreina hvaða aðgerða á að grípa til fyrir hvern umbótaþátt og hvert markmiðið er með umbótunum. Ákveða þarf tímasetningu umbótanna og hver er ábyrgur fyrir framkvæmdinni. Einnig þarf að setja fram viðmið um árangur af umbótunum. Að síðustu þarf að huga að mati á því hvernig til tókst með umbæturnar og bæta því inn í matsáætlun, til dæmis fyrir næsta skólaár, ef við á.

Ef umbótaþættir eru margir er mikilvægt að forgangsraða þeim í samráði við skólasamfélagið. Starfsþróun kennara er oft hluti af umbótum og því þarf að gæta að samræmi á milli umbótaáætlunar og starfsþróunaráætlunar. Umbótaáætlun þarf að birta opinberlega ásamt greinargerð um innra mat.

Dæmi um umbótaáætlun má finna í viðauka 6.

7 Þróun innra mats

Það tekur tíma að þróa innra mat og í raun er matið sífellt í þróun. Hér að neðan má sjá dæmi um hvernig innra mat skóla getur þróast.¹³ Innra mat byrjar oft sem krafa að ofan en verður sameiginlegt verkefni skólasamfélagsins þar sem unnið er að þróun starfsins.

Fyrstu skref í innra mati	Innra mat í þróun	Vel þróað innra mat
<ul style="list-style-type: none"> • Litið er á innra mat sem aukaverkefni sem kemur ofan frá. • Ábyrgð á höndum eins eða fárra aðila, venjulega stjórnanda. • Matið er tilviljanakennt. • Matið byggir á gögnum úr ytri könnunum án aðlögunar. • Gagnaöflun er einhæf. • Gögn eru ekki greind nægjanlega. • Niðurstöður að litlu leyti nýttar til umbóta. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skilningur á mikilvægi innra mats. • Innra matið er skipulagt með áætlunum að hluta. • Innra matið tengist markmiðum skólans en markmið ekki markvisst metin. • Matsteymi skipað fulltrúum stjórnanda og leikskólakennara. • Gagnaöflun nokkuð fjölbreytt en ytri kannanir hafa ekki verið aðlagðar. • Gagna aflað frá öllum hagsmunahópum. • Megináhersla á framkvæmd matsins. • Greining styrkleika og tækifæra til umbóta að hluta. • Áhersla á mat á leik og námi ekki mikil. • Niðurstöður notaðar til umbóta að hluta. • Niðurstöður og áætlanir birtar að hluta. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skýr sameiginleg sýn á innra mat og tilgangi þess. • Matið er vel skipulagt og fylgir skráðu ferli og áætlunum. • Matið er út frá markmiðum skólans og matið nær til allra helstu þátta starfsins. • Matið út frá viðmiðum um gæði og árangur. • Matsteymi/matshópar, allir hagsmunahópar koma að matinu. • Áhersla er á mat á leik, námi og starfsaðferðum með ígrundun og samræðum. • Fjölbreytt gagnaöflun. • Gagna er aflað frá öllum hagsmunahópum. • Niðurstöður eru markvisst greindar í styrkleika og þætti sem þarfnast umbóta með samræðu. • Niðurstöður notaðar til umbóta og við stefnumótun. • Umbótum fylgt eftir með endurmati. • Niðurstöður og áætlanir opinberar. • Matsaðferðir í sífelldri þróun.

¹³ Byggt á Mennta- og menningarmálaráðuneyti, (2011) og Education Review Office, (2014)

8 Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um innra mat leikskóla, tilgang þess og framkvæmd. Innra mat á að vera í sífelldri þróun rétt eins og skólastarfið og því ættu leikskólar að vera óhræddir við að prófa sig áfram í matinu og finna sína leið. Mikilvægt er að taka eitt skref í einu og ætla sér ekki um of. Umbæturnar í kjölfar matsins eru umbun þeirrar vinnu sem lögð er í matið en jafnframt skiptir ferlið máli, samræðurnar og ígrundunin, það eflir fagmennsku. Það er mikilvægt að íslenskir leikskólar og fagfólkið sem þar starfar segi eigin sögu.

9 Heimildir og önnur rit sem stuðst var við

- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstj.), *Fagmennska í skólasterfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni*. Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Hólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af <http://vinnuvefur.namskra.is/wp-content/uploads/2010/10/N%C3%A1msmatshefti-fyrir-leiksk%C3%B3la.pdf>
- Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat leikskóla: Leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leikskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga. Sótt af <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leiðbeiningar-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-leikskola.pdf>
- Björk Ólafsdóttir, Berglind Hansen, Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, Jónína Konráðsdóttir, Kristín Hildur Ólafsdóttir, Lena Sólborg Valgarðsdóttir, Sigríður Marteinsdóttir og Sigrún Einarsdóttir. (2014). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólasterfs*. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/1_vidmid_og_visbendingar_2_prentun.pdf
- Chapman, C. og Sammons, P. (2013). *School self-evaluation for school improvement: What works and why?* Reading: CfBT. Sótt af <http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED546801.pdf>
- Education Review Office. (2014). *Framework for school reviews*. Sótt af <http://www.ero.govt.nz/assets/Uploads/Framework-for-School-Reviews-2014.1.pdf>
- Education Scotland. (2015). *How good is our school. 4th edition*. Livingston: Education Scotland. Sótt af http://www.educationscotland.gov.uk/Images/HGIOS4August2016_tcm4-870533.pdf
- Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson. (2013). Þátttaka barna í ákvarðanatöku í leikskólasterfi. *Netla. Veftímarit um uppeldi og menntun. Sérrið 2013. Fagið og fræðin.*, Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/003.pdf
- Hafþór Guðjónsson. (2011). Kennarinn sem rannsakandi. *Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/011.pdf>
- Inspectorate Department of Education and Skills. (2012). *School Self-Evaluation. Guidelines for Primary Schools. Inspectorate Guidelines for Schools*. Sótt af <http://schoolself-evaluation.ie/primary/>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.

- MacBeath, J. (1999). *Schools must speak for themselves: The case for school self-evaluation*. London: Routledge.
- MacBeath, J. (2012). *The Future of the Teaching Profession*. Cambridge: Education International Research Institute, University of Cambridge, Leadership for Learning, The Cambridge Network. Sótt af <http://download.ei-ie.org/Docs/WebDepot/TheFutureoftheTeachingprofession.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla. 2011*. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>
- OECD. (2013). *Synergies for Better Learning: An International Perspective on Evaluation and Assessment* Paris: OECD Publishing. Sótt af http://www.oecd-ilibrary.org/education/synergies-for-better-learning-an-international-perspective-on-evaluation-and-assessment_9789264190658-en
- Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald nr. 893/2009.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi. Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.
- Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir. (2011). *Leiðbeiningar um innra mat skóla*. Reykjavík: Íslenska matsfræðifélagið. Sótt af <http://eval.is/wp-content/uploads/2011/08/Lei%C3%B0beiningar-um-innra-mat-uppsett-loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf>
- Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 331-356). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

10 Viðaukar

Viðauki 1 – Dæmi um lýsingu á matskerfi í skólanámskrá með langtímaáætlun í innra mati

Matskerfi leikskóla er lýst með eftirfarandi hætti í skólanámskrá:

Matseymi

Innra mati skólans er stjórnað af matseymi í samráði við leikskólastjóra. Í því sitja skólastjórnandi, tveir leikskólakennarar, tveir starfsmenn og fulltrúi foreldra. Þess er gætt að fulltrúi frá öllum deildum sé í teyminu. Hvert matseymi situr í tvö ár og fulltrúar í teyminu skipta með sér verkum. Matseymi stjórnar matinu, gerir matsáætlanir, greinargerðir og umbótaáætlanir og sér um að kynna og virkja aðra hópa með sér í matinu.

Metið er út frá markmiðum leikskólans. Skólasamfélagið hefur unnið viðmið um gæði um stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauð, leikskólabrag og innra mat, þar sem stuðst var við *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs* (Björk Ólafsdóttir o.fl., 2014). Þessi viðmið eru notuð í matinu en önnur viðmið, t.d. töluleg viðmið um árangur og um niðurstöður kannana, eru ákveðin á fundum matseymis.

Langtímaáætlun um innra mat

Viðfangsefni	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf	x		x	
Leikskólaþróun og starfsþróun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		x		x
Námsvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli án aðgreiningar		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	

Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Framkvæmd	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umbætur	x		x	

Gagnaöflun

Greining á fyrirleggjandi gögnum:

- Árlega eru skólanámskrá og starfsáætlun metin út frá gátlistum. Þriðja hvert ár er innra mat, skólaþróun og starfsþróun metin út frá gátlistum.
- Skráningar á deildum greindar fyrir hópinn.
- Niðurstöður skimana greindar fyrir hópinn.

Skoðanir og álit hagsmunaaðila:

- Kannanir til starfsfólks annað hvert ár þar sem m.a. er spurt um stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauð, leikskólabrag og innra mat.
- Kannanir til foreldra/forráðamanna annað hvert ár þar sem m.a. er spurt um velferð og líðan barna, skólabrag og samskipti.
- Kaffihúsafundir með foreldrum á hverju skólaári þar sem rætt er um viðfangsefni innra mats hvers árs.
- Rýnihópar barna, markviss umræða um viðfangsefni mats í samverustundum.
- Foreldraviðtöl, þar sem spurt er um velferð og líðan barna.
- Starfsmannasamtöl, spurt um viðfangsefni innra mats.
- Markviss samræða um viðfangsefni mats á föstum fundum í starfinu.

Vettvangsathuganir:

- Starfsfólk rannsakar eigið starf/jafningjamat. Starfsfólk velur eitt viðfangsefni á ári tengt markmiðum uppeldis- og menntastarfs leikskólans. Valið er á matsfundum á hverju vori út frá fyrirhuguðum viðfangsefnum næsta skólaárs samkvæmt matsáætlun.
- Stjórnendur fylgjast reglulega með starfi á deildum út frá viðfangsefnum innra mats.

Gögn eru greind á deildarfundum, fundum matsteymis og árlegum matsfundum. Þegar gögn eru greind er eftirfarandi kvarði notaður. Allir þættir sem fá einkunina C og D fara í umbótaáætlun. Umbótum er forgangsraðað á fundunum.

A	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
B	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar.
C	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar fleiri en styrkleikar.
D	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Nánari lýsingu á matinu má finna í matsáætlunum fyrir hvert skólaár.

Matsáætlanir, árlega greinargerð og umbótaáætlun má finna á heimasíðu skólans undir hleknum innra mat.

Viðauki 2 – Dæmi um matsáætlun fyrir hvert skólaár

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar

Viðauki 3 – Dæmi um gátlista

Dæmi um gátlista fyrir mat á skólanámskrá

Leikskóli metur árlega innihald og gerð skólanámskrár eftir eftirfarandi gátlista sem byggir á aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla og [gátlista](#) um skólanámskrá leikskóla sem notaður er við ytra mat leikskóla hjá Menntamálastofnun og Reykjavíkurborg.

Gátlisti: Innihald og gerð skólanámskrár ¹⁴	Já	Nei	Athugasemdir
Gildi og hugmyndafræðilega áherslur sem starf leikskólans byggir á			
Uppeldisfræðileg stefna og markmið út frá aðalnámskrá og stefnu sveitarfélags			
Umfjöllun um leiðir að markmiðum skólans			
Umfjöllun um hvernig unnið er að grunnþáttum í menntun og með námsvið leikskólans			
Umfjöllun um starfsaðferðir leikskólans			
Lýsing á þekkingu, leikni og siðferðilegu viðhorfi sem stefnt er að í starfinu			
Lýsing á matskerfi leikskólans, tengslum við markmið skólans og viðmið sem metið er eftir			
Lýsing á vinnulagi við mat á námi og velferð barna			
Umfjöllun um hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna			
Lýsing á skipulagi sérfræðiþjónustu			
Umfjöllun um markmið, fyrirkomulag og uppbyggingu samstarfs og tengsla milli skólastiga			
Umfjöllun um áherslur og leiðir í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið			
Umfjöllun um hvernig skólanámskrá tekur mið af áhuga barna og sjónarmiðum			
Skólanámskrá er unnin í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna			
Skólanámskrá er samþykkt af foreldraráði			

¹⁴ Byggt á Mennta- og menningarmálaráðuneyti, (2011); Lög um leikskóla nr. 90/2008 og Björk Ólafsdóttir o.fl., (2014)

Skólanámskrá er staðfest af sveitarfélagi			
Skólanámskrá birtist á heimasíðu leikskólans			

Dæmi um gátlista fyrir vettvangsathugun

Í leikskóla eru þættirnir uppeldi, menntun og starfshættir ásamt velferð og líðan barna meðal annars metnir með því að stjórnandi fygist með starfi á deildum. Gagna er aflað með eftirfarandi gátlista sem byggir á *Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólustarfs* og [gátlista](#) sem notaður er við mat á leikskólum hjá Menntamálastofnun og Reykjavíkurborg.

Að vettvangsathugunum loknum eru niðurstöður greindar og metnar fyrir hverja deild á deildarfundum. Matsteymi fær niðurstöður frá öllum deildum og tekur saman fyrir leikskólann í heild ásamt öðrum niðurstöðum matsins. Þess er gætt að engar persónugreinanlegar upplýsingar komi fram.

Gátlisti fyrir vettvangsathugun ¹⁵			
Deild:	Fjöldi barna:	Dagsetning:	Leikskólakennari/aðrir stm:
Aldur barna:	Tími:	Tími á vettvangi:	Matsaðili:
Þættir til að skoða		Athugasemdir	
<p>Uppeldi, menntun og starfshættir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skipulögð viðfangsefni og leikur tekur mið af hæfileikum og námsþörfum barna. • Svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum. • Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn. • Starfsfólk notar virka hlustun í samskiptum við börn. • Starfsfólk nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta. • Starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barna. • Á meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum. • Námsleiðir henta vel þörfum og færni hvers barns. • Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við. • Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndar tengsl við þau í gegnum leik. • Starfsfólk hefur yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái að njóta sín. 			
<p>Velferð og líðan barna/leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Börnin eru glöð og áhugasöm og virðist líða vel. 			

¹⁵ Byggt á Björk Ólafsdóttir o.fl., (2014)

- Virðing og samkennd ríkir á milli barnanna.
- Samskipti barnanna eru góð.
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.
- Starfsfólk leiðbeinir börnunum á uppbyggjandi hátt.
- Áhersla er lögð á það sem börnin gera vel.
- Börnin fá hvatningu og hrós.
- Brugðist er við krefjandi hegðun með fagmennsku.
- Samtöl starfsfólks við börn eru uppbyggjandi og hvetjandi.
- Börnin fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum.
- Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreiningsefni.
- Öll börn eiga sýnilega hlutdeild í barnahópnum.

Lykilatriði sem ræða þarf á deildarfundi:

Helstu styrkleikar (greint á deildarfundi):

Tækifæri til umbóta (greint á deildarfundi):

Viðauki 4 – Dæmi um spurningalista

Dæmi um spurningalista til starfsfólks

Leikskóli metur leikskólastjóra sem faglegan leiðtoga m.a. með því að leggja könnun fyrir starfsfólk.

Spurningalisti til starfsfólks¹⁶					
Þessi spurningalisti er hluti af gagnaöflun á þættinum stjórnun, stjórnandinn sem faglegur leiðtogi, í innra mati leikskólans. Niðurstöður verða teknar saman fyrir allan skólann og gætt verður að nafnleynd.					
Vinsamlega merktu við hversu sammála/ósammála þú ert eftirfarandi fullyrðingum:					
	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Veit ekki
Ég þekki einkunnarorð og gildi skólans					
Ég fæ hrós og hvatningu frá leikskólastjóra					
Leikskólastjóri leggur rækt við börnin í daglegu starfi					
Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við starfsfólk í daglegu starfi					
Ég fæ hvatningu frá leikskólastjóra til að auka sífellt gæði náms og starfs					
Mitt framlag til skólans er metið að verðleikum					
Leikskólastjóri vinnur markvisst að því að skapa góðan skólabrag					
Leikskólastjóri lætur sér annt um velferð mína					
Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi					

Vinsamlega svaraðu eftirfarandi spurningum:

Hverjir eru, að þínum dómi, helstu styrkleikar leikskólastjóra sem faglegs leiðtoga?

Hver eru, að þínum dómi, helstu tækifæri leikskólastjóra til umbóta sem faglegr leiðtogi?

¹⁶ Byggt á Björk Ólafsdóttir o.fl., (2014)

Viðauki 5 – Dæmi viðtalsramma

Dæmi um viðtalsramma fyrir einstaklingsviðtal

Leikskóli leggur ríka áherslu á grunnþáttinn sköpun. Eitt af viðfangsefnum innra mats skólans er að meta hvernig gengur að ná því markmiði að verða skapandi leikskóli. Gagna er meðal annars aflað í starfsmannviðtölum að höfðu samráði við starfsmenn. Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn fá viðtalsrammann með góðum fyrirvara.

Einstaklingsviðtal við leikskólakennara og aðra starfsmenn¹⁷	
Leikskólakennari/starfsmaður:	Spyrill:
Deild:	Dagsetning:
Hvernig setur grunnþátturinn sköpun mark sitt á leik og nám á þinni deild?	
Hvernig setur sköpun mark sitt á leikskólastarfið í heild?	
Hverjir eru helstu styrkleikar okkar í þessum skóla varðandi sköpun?	
Hver eru helstu tækifæri til umbóta varðandi sköpun í skólastarfinu?	

¹⁷ Byggt á Mennta- og menningarmálaráðuneyti, (2011) og Inspectorate Department of Education and Skills, (2012)

Viðauki 6 – Dæmi um mat á virkri þátttöku barna í ákvarðanatökum

Eitt af leiðarljósum í aðalnámskrá leikskóla er að „Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011)

Leikskóli leggur sérstaka áherslu á þetta leiðarljós í starfinu og setur sér eftirfarandi markmið um virka þátttöku barna:

- Starfið í leikskólanum er lýðræðislegt þar sem börn eru virkir þátttakendur í ákvarðanatöku í skipulögðu starfi á deildum og hafi áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.

Metið er hvernig gengur að vinna að þessu markmiði í innra mati skólans.

Unnin eru viðmið um gæði með vísbendingum út frá viðmiðum fyrir innra og ytra mat um gæði leikskólastarfs (Björk Ólafsdóttir o.fl., 2014) og grein Guðrúnar Öldu Harðardóttur og Baldurs Kristjánssonar (2013) í Netlu, *Þátttaka barna í ákvarðanatöku í leikskólastarfi sem starfsfólk hefur lesið og rætt.*

Matsteymi leikskólans skipuleggur matið og viðfangsefnið er sett inn í matsáætlun fyrir veturnn:

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku í skipulögðu starfi á deildum.	Starfið í leikskólanum er lýðræðislegt þar sem börn eru virkir þátttakendur í skipulögðu starfi á deildum og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.	Að allar vísbendingar sem fylgja gæðalýsingu um þátttöku barna flokkist undir gott eða mjög gott verklag á kvarðanum sem notaður er.	Rýnt í eigið starf Markviss samtöl við börn í samverustundum.	Gagnaöflun lokið í apríl 2016. Greining á fundum lokið í maí 2016.	Deildarstjórar og matsteymi.

Gagna er aflað með því að starfsmenn rýna í eigið starf og markvissum samtölum við börn í samverustundum. Eftirfarandi gátlisti er gerður fyrir þætti til ígrundunar fyrir mat á eigin starfi.

Ígrundun á virkri þátttöku barna í ákvarðanatöku

Deild/hópur:	Fjöldi barna:	Dagssetning:	Leikskólakennari/starfsmaður:
Verkefni:	Kl:	Lengd tíma:	
Þættir til að ígrunda		Pælingar	
<p>Frumkvæði að verkefni. Hverjir áttu frumkvæði að verkefninu?</p> <p>Þátttaka í skipulagi verkefnis. Hverjir komu að skipulaginu og hvernig?</p> <p>Útskýringar. Var verkefnið útskýrt fyrir börnunum? Hvernig?</p> <p>Skoðanir barnanna á verkefninu og skipulagi þess. Hvaða skoðanir létu börnin í ljós? Voru börnin hvött til þess að segja sitt álit?</p> <p>Breytingar á verkefni út frá skoðunum barna. Var tekið tillit til skoðana barna?</p> <p>Hver voru áhrif barnanna á viðfangsefnið?</p>			
Samantekt			

Viðtalsrammi er gerður fyrir markvissar samræður við börn.

Markvissar samræður um þátttöku barna í leikskólastarfi		
Dagsetning:	Stjórnandi:	
Þátttakendur:		
Efnisþáttur:	Lykilspurningar:	Helstu niðurstöður:
Frumkvæði og þátttaka í ákvarðanatökum í skipulögðu starfi á deildum.	Hverjir ráða í leikskólanum? Hvernig ráða þeir? Hverju ráða börnin? Börnunum eru sýndar myndir af þeim í skipulögðu starfi og öðrum þáttum starfsins. Þau eru spurð hverju þau ráða á hverjum stað og hverju þau mundu vilja ráða: Geta börnin ráðið í samverustundum? Hvernig? Geta börnin ráðið í hópastarfi? Hvernig? Geta börnin ráðið í valstund? Hvernig? Er hlustað á börnin? Hverju viljið þið ráða?	

Starfsfólk ígrundar skipulögð verkefni á deildum út frá gátlistanum og markvisst er rætt við börnin út frá viðtalsramma. Starfsfólk ræðir niðurstöðurnar og hver deild greinir þær, út frá gæðalýsingunni og vísbendingunum, á eftirfarandi kvarða, þar sem A telst mjög gott verklag, B gott verklag, C telst ábótavant og D er óviðunandi verklag.

Sýnishorn af matsblaði út frá gæðalýsingu og vísbendingum				
Dæmi um vísbendingar (ekki tæmandi)	A	B	C	D
Börn taka reglulega þátt í að skipuleggja verkefni				
Börnin eru hvött til að segja sína skoðun á verkefnum				
Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda				
Hlustað er á börnin og sjónarmið þeirra virt				

Miðað var við að allar vísbendingar falli undir A eða B, annars þurfi að huga að umbótum.

Viðauki 7 – Dæmi um umbótaáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur